



Reglur um styrki vegna varmadælna í Hvalfjarðarsveit

1.gr.

Tilgangur með fjárstyrk

Hvalfjarðarsveit veitir fjárstyrk til fasteignaeigenda í sveitarfélaginu í því skyni að setja upp varmadælur (e. Heat pump) sem draga úr notkun raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis með fasta búsetu (lögheimili) á þeim svæðum sem dreifikerfi veitufyrirtækja nær ekki til.

Styrkurinn er hugsaður til þess að styrkja eigendur og íbúa viðkomandi fasteigna til þess að setja upp varmadælu, þar sem svo háttar til, að ekki verður við komið að nýta hitaveitu tæknilega eða með hagkvæmum hætti fjárhagslega.

2.gr.

Fjárhagslegur grundvöllur

Fjárframlag til úthlutunar ár hvert er í samræmi við fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar. Mannvirkja- og framkvæmdanefnd skal annast afgreiðslu umsókna og úthlutanir styrkja skv. reglum þessum.

3.gr.

Styrkur

Frá gildistöku þessara reglna nemur fjárhæð styrks allt að kr. 500.000, þó aldrei hærra en sem nemur ¼ af heildarfjárhæð framkvæmdar fyrir hvern umsækjanda, íbúðarhúsnæðis, sem samþykkt er. Miðað er við að sá sækji um styrkinn sem skráður er þinglýstur eigandi íbúðarhúsnæðis sem nýtur niðurgreiðslu rafmagns til húshitunar og ætlar að ráðast í framkvæmdir vegna varmadælu til orkusparnaðar. Fyrst og fremst er miðað við varmadælur sem eru þekktur og viðurkenndur kostur til sparnaðar raforku til húshitunar.

Umsóknarfrestur er einu sinni á ári að öllu jöfnu til og með 15.september ár hvert og gildir umsóknin fyrir næstkomandi fjárhagsár. Gert er ráð fyrir að samþykkt styrkfjárhæð komi til greiðslu á næstkomandi fjárhagsári eftir að styrkurinn hefur hlotið samþykki.

4.gr.

Samþykkt styrks og greiðsla

Miðað er við að umsækjandi skili inn til Hvalfjarðarsveitar undirritaðri umsókn um styrk og geri grein fyrir hvaða framkvæmd er stefnt að, áætluðum orkusparnaði, hvaða áhrif framkvæmdin hefur á umhverfið og áætlaðan kostnað.

Umsóknin verður yfirfarin af hálfu Hvalfjarðarsveitar sem mun gera lauslega umsögn áður en umsóknin verður formlega afgreidd og kynnt umsækjanda.

Í svarbréfi verður gerð grein fyrir því hvaða skilyrði umsækjandi þarf að uppfylla til þess að styrkur verði greiddur út. Miðað er við að allar lögbundnar úttektir hafi farið fram, ábyrgðaryfirlýsingar liggi fyrir og gerð sé grein fyrir rekstrarfyrirkomulagi. Sömuleiðis mun Hvalfjarðarsveit hlutast til að úttekt hafi farið fram sem staðfesti eðlilega virkni og afköst búnaðar. Að þessu loknu er styrkur greiddur inn á reikning sem umsækjandi hefur tilgreint sem innborgunarreikning styrks. Styrkfjárhæðin greiðist í einni greiðslu eftir lok framkvæmda og við framvísun reiknings.

5. gr.

Niðurfelling styrks

Styrkveiting gildir til eins árs, þ.e. styrkur veittur fyrir árið 2023 fellur sjálfkrafa niður, án tilkynningar af hálfu Hvalfjarðarsveitar, þann 1. janúar 2024. Styrkþega er þó heimilt að sækja um framlengingu styrksins og skal það gert skriflega fyrir 1. október það ár sem styrkurinn gildir.

Víki styrkþegi frá þeim forsendum sem fram voru settar í styrkumsókn og fylgigögnum hennar án fengins skriflegs samþykkis Hvalfjarðarsveitar getur sveitarfélagið ákveðið að fella styrkinn niður.

6.gr.

Aðrar ívilnanir eða styrkir

Athygli er vakin á því að Orkusjóður veitir styrk í formi áætlaðra niðurgreiðslna rafmagns til húshitunar til þeirra sem sækja um það til sjóðsins. Styrkur er greiddur þeim sem ráðast í framkvæmdir er spara orku tengda umhverfisvænni orkuöflun eða aðgerðum til bættrar orkunýtingar. Getur styrkurinn numið því að vera í réttu hlutfalli við áætlaðan orkusparnað sem af framkvæmdinni hlýst. Slíkur samhliða styrkur á ekki að koma í veg fyrir umræddan styrk frá Hvalfjarðarsveit.

7. gr.

Gildistími

Reglur þessar taka þegar gildi.

*Reglur þessar voru samþykktar í mannvirkja- og framkvæmdanefnd 03.05.2022
Reglur þessar voru samþykktar af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 10.05.2022*